



Tilkynning frá Blóðbankanum

www.blodbankinn.is, sími 543 5507

18.9.2012

"Pathogen inaktiverað" blóðflöguþykkni (Intercept blóðflöguþykkni)

Blóðbankinn hefur hafið framleiðslu á svonefndu "pathogen inaktiveruðu" (smithreinsuðu) blóðflöguþykkni til deilda. Vinnsluaðferðin kallast Intercept og er frá fyrirtækinu Cerus. Að jafnaði verða öll blóðflöguþykkni frá Blóðbankanum Intercept meðhöndluð og kemur þessi nýja gerð í stað hefðbundinna og geislaðra blóðflögueininga áður.

Við "pathogen inaktiveringu" (smithreinsun) er amotosaleni (psoralen afleiðu) bætt í eininguna. Amotosalen veldur krossbindingu á erfðaeefni við ljómun með útfjólubláu ljósi (UVA), en krossbundið erfðaeefni er óvirkt. Að lokinni ljómun er meginhluti amotosalens fjarlægður úr einingunni. Í Intercept blóðflögum er einnig ný og endurbætt næringarlausn fyrir blóðflögur (SSP+).

Intercept meðhöndlað blóðflöguþykkni er í öllum aðalatriðum unnið á sama hátt og áður þ.e. annars vegar úr heilblóði blóðgjafa og hins vegar með blóðfrumuskilju (aferesu).

Kostir Intercept

- Intercept óvirkjar fjöldann allan af bakteríum og veirum sem smitast geta við blóðhlutagjöf
- Intercept óvirkjar hvít blóðkorn sem valdið geta aukaverkunum
- Intercept lengir endingartíma blóðflagna úr 5 dögum í 7
- Intercept kemur í stað geislunar á blóðflögum

Innihald:

Í einni einingu af blóðflöguþykkni eru blóðflögur úr heilblóði átta blóðgjafa en í einni einingu af blóðskiljuflögum (aferesu) eru blóðflögur frá einum gjafa.

Í báðum gerðum af blóðflögueiningum eru u.þ.b. $250-300 \times 10^9$ blóðflögur.

Rúmmál: 170-210 ml, þar af eru um 30-45% blóðvökvi (plasma).

Öll blóðflöguþykkni verða áfram síuð í gegnum sérstaka hvítkornasíu og eru því hvítkornafrí ($< 1 \times 10^6$ hvít blóðkorn í einingu).

Geymsla og endingartími:

Endingartími er 7 sólarhringar í Blóðbankanum við $+20^\circ\text{C}$ til $+24^\circ\text{C}$ á stöðugri hreyfingu. Blóðflöguþykkni sem hefur verið afhent til deildar skal nota við fyrsta tækifæri og innan þess tímaramma sem kemur fram á fylgiseðli. Leyfilegur tími frá frátöku til notkunar eru 4 klst.

Nánari upplýsingar á vef Blóðbankans: www.blodbankinn.is

Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans